



FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC AERONAUTICAL ASSOCIATION
STOFNAD 1936

Flugmálafélag Íslands

Ársskýrsla 2023



Þing haldið í Fluggörðum,
Reykjavíkflugvelli, 9. mars 2024



Síðasta þing og stjórn

Síðasta þing Flugmálafélags Íslands var haldið þann 11.mars 2023 í Flugfélaginu Geirfugli í Fluggörðum, Reykjavíkflugvelli. Á þinginu var kynnt skýrsla stjórnar og sérgreinadeilda.

Matthías Sveinbjörnsson var á þinginu 2023 endurkjörinn forseti félagsins. Sjö aðrir stjórnarmenn voru kjörnir á þinginu og skiptu þeir með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Varaforseti:

Edda Ingibjörg Eggertsdóttir – Flugfélagið Geirfugl

Varaforseti og gjaldkeri:

Ágúst Hrafnkelsson - Flugfélagið Geirfugl

Ritari:

Friðgeir Guðjónsson - Þyrlupjónustan

Meðstjórnendur:

Ágúst Guðmundsson - Fisfélag Reykjavíkur

Valdimar Jóhann Bergsson - Yakar ehf.

Sveinn Kjartansson- Fisfélag Reykjavíkur

Gísli Birgir Sigurðarson - Flugfélagið Geirfugl

Aðildar og styrktarfélag Flugmálafélagsins eru:

1974 ehf.

Fallhlífastökkvarar Íslands

Félag íslenskra einkaflugmanna

Fisfélag Reykjavíkur

Flugfélagið Ernir ehf.

Flugfélagið Geirfugl ehf.

Flugklúbbur Mosfellsbæjar

Flugskóli Íslands

Flugklúbbur Selfoss

Flugsveitin

Mýflug hf.

Norðurflug ehf.

Örninn - Hollvinafélag Flugsafns Íslands

Svifflugfélag Akureyrar

Svifflugfélag Íslands

Svifvængjafélagið Bólstri

Þyrlupjónustan ehf.

Þytur ehf.

Þytur,flugmóðelfélag

Vélflugfélag Akureyrar

Volcano Heli ehf.

Yakar, flugklúbbur alþýðunnar ehf.

Reykjavík Drones ehf.

Icelandair ehf. var aðalstyrktaraðili Flugmálafélags Íslands árin 2021 - 2023.

Stjórn og stefna

Stjórn fundaði reglulega yfir árið og átti góð rafræn samskipti á milli funda. Stjórn vann eftir sömu stefnu og verið hefur síðustu ár sem er tilgreind í stefnu Flugmálafélagsins en þar segir:

Almennt

Stjórn félagsins vill beita sér fyrir jákvæðri umfjöllun um flug og auka samskipti milli aðildarfélaga. Það mun enn sem áður sinna hagsmunagæslu en þó leggja meira upp úr því að leita til aðildarfélaganna og styðja þau í þeim málum sem snúa beint að þeim. Félagið mun halda áfram að treysta alþjóðleg samskipti og sambönd.

Kynning út og inn á við

Stjórn félagsins hefur það að markmiði að kynna flug fyrir almenningi og efla áhuga á því. Það á jafnt við um aðildarfélög sem og þá sem standa fyrir utan það. Tilgangur félagsins hefur verið frá upphafi að „að efla áhuga fyrir flugsamgöngum hér á landi og til annarra landa og útbreiða þekkingu á flugmálum með þjóðinni“ sem stjórn félagsins mun standa við.

Hagsmunagæsla

Félagið mun sinna hagsmunagæslu sem áður. Áherslubreyting verður þó gerð er varðar eignarhald. Þau mál sem snúa að ákveðnum aðildarfélögum munu vera rekin áfram að viðkomandi aðildarfélagi en þó með stuðningi FMÍ á meðan hagsmunamál er varða fleiri en eitt aðildarfélag og/eða flugið í heild sinni verða rekin áfram af FMÍ.

Félagið mun leggja áherslu á góð samskipti við:

- Innanríkisráðuneyti
- Samgöngustofu
- Isavia
- FAI og önnur alþjóðleg samtök

Traustur rekstur

Stjórn félagsins mun leitast eftir því að auka tekjur félagsins til þess að auka slagkraftinn. Mögulega verður framkvæmdastjóri ráðinn.

Samstarfið hefur verið gott og stjórnin samhent í því að vinna samkvæmt ofangreindri stefnu.



Viðburðir

Fjöldmargir viðburðir voru á vegum Flugmálafélagsins á síðasta starfsári og mikil þátttaka í þeim flestum. Ánægjulegt er að sjá nýliðun eiga sér stað og hátíðir félagsins virðast höfða vel til yngri kynslóðarinnar sem stjórn félagsins telur mjög jákvætt.

Flughátíðin Allt sem flýgur

Flughátíðin á Helluflugvelli var vel sótt og gekk afar vel. Árið áður hafði hún fallið niður vegna veðurs en þetta árið hefur veðrið ekki verið jafn gott í sögu hátíðarinnar. Góð þátttaka var í ýmsum greinum flugsins en boðið var uppá þyrluflug, sviffflug og svifvængjaflug fyrir gesti hátíðarinnar auk þess sem eigendur flugvéla voru duglegir að bjóða í flugferðir. Þó svo að eiginleg flugsýning sé ekki skipulögð voru ýmsir sem sýndu flugatriði þar á meðal var Flugsveitin með vel æft flugatriði sem vakti mikla athygli og aðdáun. Þá var ein erlend vél sem heimsótti hátíðina en því miður treysti flugmaðurinn ekki nefhjóli vélarinnar fyrir því að lenda. Sameignilegt grill var ekki haldið þetta árið en skemmtunin í flugskýlinu átti sinn stað. Hátíðin var með þeim betri.





Íslandsmót í flugi

Íslandsmót var haldið á Helluflugvelli vikuna fyrir flughátíðina Allt sem flýgur. Mótið tókst með miklum ágætum og var keppt í vélflugi, fisflugi og listflugi en á laugardeginum var verðlaunaafhending þar sem jafnframt voru veitt verðlaun í drónaflugi. Íslandsmótið hefur vaxið með hverju ári og ljóst að það er orðið að árlegri hefð.



Verðlaunahafar á Íslandsmóti í flugi, í hinum ýmsu keppnisflokkum ásamt mótsstjóra.



Úrslit í Kappflugi dróna:

1. Andri Kári Unnarsson
2. Helgi Rúnar Sævarsson
3. Örygur Þór Jónsson



Úrslit í vélflugi 600+ flokki:

1. Sigurjón Valsson / Valdimar Einarsson
2. Kári Kárason / Tómas Kárason
3. Svanur Ingi Björnsson / Alex Uni Torfason



Úrslit í vélflugi 600- flokki:

1. Þórir Örn Garðarsson / Stefán Friðleifsson
2. Eysteinn Harry Sigursteinsson / Júlíus Sigursteinsson
3. Ómar Högni Guðmarsson / Sara Bergmann



Úrslit í listflugi:

1. Gunnar Ingi Lárusson
2. Birgir Steinar Birgisson
3. Friðrik Ingi Friðriksson

Flugsýning á Reykjavíkflugvelli

Flugsýning á Reykjavíkflugvelli var haldin eftir áralangt hlé. Sýningin var mjög vel sótt þrátt fyrir tvísýnt veður. Náðist að sýna þverskurð íslensks flugsamfélags með nýjustu flugvél flugflotans á þeim tíma, Airbus 321 hjá Play Airlines, og niður í smæstu flygildi. Þá var rafmagnsflugvélinni flogið í fyrsta skipti á flugsýningu en farþeginn í fluginu var Einar Þorsteinsson þáverandi formaður borgarráðs og núverandi Borgarstjóri Reykjavíkur.

Á flugsýningunni var Jóhannes Bjarni Guðmundsson og tók hann viðtöl við gesti og gangandi. Þar var safnað miklu hljóð og myndefni sem meðal annars var notað í þætti #62 í flugvarpinu. Efnið verður notað til kynninga á næstu flugsýningum.

visir

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI SPORT SKOÐUN LÍFID INNHERJI

Í BEINNI

Flugsýning einn af stærstu menningarviðburðum borgarinnar

Kristján Már Unnarsson skrifar · 3. júní 2023 22:18



Löng bíðröð var til að komast um borð í glænýja Airbus-þotu flugfélagsins Play.

EGILL ADALSTEINSSON

Þúsundir manna sóttu flugsýningu á Reykjavíkflugvelli í dag þar sem sjá mátti þverskurð íslenska fluggeirans, allt frá litlum drónum upp í stórar farþegaþotur. Margir tóku andköf þegar djarfir listflugmenn veltu sér um háloftin.

Í fréttum Stöðvar 2 voru sýndar myndir frá flugsýningunni, sem Flugmálafélag Íslands stóð fyrir, þar sem áhersla var lögð á að sýna breidd og drifkraft íslensks flugsamfélags.



<https://www.visir.is/g/20232423473d/flugsyning-einn-af-staerstu-menningarvidburdu-m-borgarinnar>

Fundur um Reykjavíkflugvöll

Pann 22.júní hélt Flugmálafélagið fund um stöðu Reykjavíkflugvallar. Kveikjan var ákvörðun um að leyfa uppbyggingu byggðar í Skerjafirði áður en niðurstaða um Hvassahraun væri ljós. Fundurinn vakti mikla athygli og meðal annars sýnt beint frá honum á netinu þar sem hann hefur fengið tæplega 1000 áhorf. Eftir fundinn urðu vendingar sem gerðu það að verkum að framkvæmdum var frestað.

mbl.is Forstíva Vísiskipti 200 miður Þróttir Enski boltinn Fólkíó Smartland Matur Fjölskyldan Ferðalög Sporðaköst An

Innlent | mbl | 22.6.2023 | 21:10

Gengið á ráðherra um fyrirhugaða íbúðabyggð

vísir FRETIR VÍSKIPTI SPORT SKOÐUN LÍFIÐ INNHERJI FASTEIGNIR ATVINNA

Sigurður Ingi svarar fyrir ákvörðun um Skerjafirð

Kristján Már Umarrsson skrifar · 22. júní 2023 15:30



Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra á Reykjavíkflugvelli í dönnu fyrir sýntu borgarstjórnarkoöningar í fyra. Þá sagðist hann þurfa að sá á putrana á borgarstjórn vegna áfarna borgarinnar um Hega Skerjafirð.

JÓHANNSSON

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra er meðal ræðumanna á fundi sem Flugmálafélag Íslands efnir til nú síðlegris um stöðu Reykjavíkflugvallar. Í fundarboði segir að farið verði yfir núverandi stöðu og hvert stefman sé sett varðandi flugvöllinn. Fundinum verður streymt beint á Vísir.

Fundurinn fer fram á Hótel Natura – Berjaya, betur þekkt sem Loftleihóhótelíó. Aðrir ræðumenn verða Jens Bjarnason, framkvæmdastjóri flugrekstrar Icelandair, Sigrún



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra í pontu á fundi Flugmálafélags Íslands mbl.is/Eyþór Árnason



mbl.is

Þorlákur Einarsson
thorlaku@mbl.is

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra mætti á fund Flugmálafélags Íslands um stöðu Reykjavíkflugvallar í dag. Tilefnið var öðru frekar fyrirhuguð íbúðabyggð í Skerjafirði og áhrif hennar á rekstur flugvallarinnar.

Flestir frummælendur voru mjög gagnrýnir á fyrirhugaða byggð. Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia innanlands, sagði það sérkennilegt að Fluggarðar eigi að vikja árið 2024 fyrir byggðinni, því þar sé grasrót flugsins á Íslandi.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/06/22/gengid_a_radherra_um_fyrirhugada_ibudabyggd/

<https://www.youtube.com/watch?v=UJPRJtF9Ng>

Flugöryggisfundur

Í mars var haldinn flugöryggisfundur í samstarfi við Rannsóknarnefnd Samgönguslysa og Isavia. Fundurinn var ágætlega sóttur en ljóst að þessu þarf að sinna betur. Breytt fyrirkomulag var rætt innan sem utan stjórnar í kjölfarið.



Innlend starfsemi

Efnahagsátak stjórnvalda

Eftir þrýsting frá Flugmálafélaginu á efnahagsnefnd fengust auknir fjármunir í landingarstaði í gegnum efnahagsátak stjórnvalda. Í heildina var 90 milljónum úthlutað í málaflokkinn. Í framhaldinu vann Flugmálafélagið í samráði við flugsamfélagið lista yfir framkvæmdaverkefni og forgangsröðun þeirra. Í það heila komu ábendingar um 26 verkefni víðs vegar um land. Eftir yfirferð ráðuneytisins og Isavia var farið í eftirfarandi verkefni:

Verkefni Isavia

Hönnun þyrluaðfluga
Sauðárkróksflugvöllur, veðurkerfi
Blönduóssflugvöllur, flugbrautarljós
Bakkaflugvöllur, flugbrautarljós
Reykjanesflugvöllur, yfirlögn
Húsavíkflugvöllur, yfirsprautun
Norðfjarðarflugvöllur, hönnun ljósa
Sandskeið, veðurstöð


Verkefni Flugmálafélagsins

Hella, jöfnun flugbrautar
Uppsetning vefmyndavéla um landið
Selfoss, yfirlögn á flughlað
Borgarnes, klæðing
Opnun landingarstaða




Hér er um jákvæða þróun að ræða en á sama tíma er ljóst að nánara samstarf milli FMÍ, Isavia og ráðuneytisins er nauðsynlegt.

Mikið var unnið í vefmyndavélum og veðurstöðvum á árinu og voru í heildina settar upp 10 stöðvar. Hér er um mikið öryggismál að ræða og stefnir félagið að því að setja upp fleiri stöðvar. Ágúst Guðmundsson hefur átt veg og vanda að þessari lausn sem hann hefur hannað og smíðað frá grunni og á mikið hrós skilið fyrir það. Aðgangur að þessum upplýsingum er á <http://flugplan.is> en jafnframt er þeim dreift á Windy.




PIXWeather stations 


Contact



**BIMK
MÚLAKOT**
(Last photo: 00:09 ago)
18:25 05.03.2024 (9 minutes ago)
Wind: 84°/16kts
Temp: 6°C (dp: 0°C rh: 65%)
QNH: 998.1hPa (29.47inHg)
www.pixweather.io




**BIKE
KERLINGAFJÖLL**
(Last photo: 00:04 ago)
18:30 05.03.2024 (4 minutes ago)
Wind: 140°/16kts
Temp: 3°C (dp: -3°C rh: 64%)
QNH: 982.7hPa (29.01inHg)
[Kerlingafjöll - Weather data](#)
www.pixweather.io



**BIFL
FLÚDAFLUGVÖLLUR**
(Last photo: 00:01 ago)
18:33 05.03.2024 (1 minutes ago)
Wind: 77°/6kts
Temp: 7°C (dp: 0°C rh: 68%)
QNH: 997.8hPa (29.46inHg)
[Flúðafflugvöllur - Weather data](#)
www.pixweather.io



**BIND
NÝDALUR**
(Last photo: 06:11 ago)
17:21 21.01.2024 (14 minutes ago)
Wind: 0°/0kts
Temp: -10°C (dp: -14°C rh: 84%)
QNH: 942.3hPa (27.82inHg)
[Nýdalur - Weather data](#)
www.pixweather.io



Flugmálaráðgjafið mun byggja á þessu góða samstarfi og vinna að frekari umbótum á innviðum og stuðningi við grasrótina sem og annað flug.

Rafrænar flugáætlanir

Á vormánuðum var kynnt lausn í rafrænum flugáætlun í boði Isavia. Félagið fékk kynningu á kerfinu en lýsti vonbrigðum með það og taldi að það myndi ekki henta flestum notendum. Eftir mikinn þrýsting var innleiðingu frestað fram á haust og síðan fram til 1. desember á meðan Flugmálafélagið var að undirbúa veflausn fyrir rafrænar flugáætlanir. Verkefnið gekk vel og ríkir mikil sátt um lausnina <http://flugplan.is> sem er þó ekki eina lausnin sem nú er í boði. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er núna eingöngu 5% flugáætlana sem berast með síma. Hér er því margra ára og áratuga baráttumáli Flugmálafélagsins að mestu leiti lokið og því ber að fagna. Frekara samstarf við Isavia og Samgöngustofu á þessu sviði verður unnið á næstunni.

Samgöngustofa

Samvinna við Samgöngustofu hefur batnað á árinu. Samvinna með rafrænar flugáætlanir hafa hjálpað mikið í tengslum við það og þá helst í tengslum við flugrekstur og loftrými. Samvinnuna má bæta enn frekar og er stefnt að því.

Isavia

Samskipti og samband hefur verið með miklum ágætum við Isavia á síðasta starfsári. Samstarf í tengslum við rafrænar flugáætlanir byrjaði ekki vel í upphafi árs en í lok árs hafði úr ræst með lausn Flugmálafélagsins (<http://flugplan.is>). Þá hafa félögin unnið saman að málefnum Reykjavíkflugvallar og loftrýmis í tengslum við eldhræringar á Reykjanesi.

Kennslumál og grasrótin

Flugmálafélagið hefur eftir sem áður beitt sér fyrir því að flugmenntun sé sett á sama stall og önnur menntun í landinu. Í gegnum flugstefnuna sem forseti vann að var sett stefna á að flugmenntun yrði hluti af opinberu menntakerfi.

10. Skoðaðir verði kostir þess að menntun í flugi og flugtengdum greinum verði hluti af opinberu menntakerfi með það að markmiði að auka stöðugleika og framboð slíks náms.

Það er sorgleg staðreynd að flugnám hefur gengið í gegnum erfiða tíma og ekki fengið þann stuðning sem það þarf. Á þetta hefur verið bent bæði opinberlega sem og á bak við tjöldin. Félagið mun setja aukna áherslu á þessi mál á komandi misserum.



#56 – Skortur á starfsfólki gæti hamlað vexti – kynna þarf og efla flugnám – Matthías Sveinbjörnsson

Flugvarpið


Rætt er við Matthías Sveinbjörnsson forseta Flugmálafélags Íslands um uppganginn sem nú er í fluginu eftir nokkur mögur ár. Fyrirtækin eru farin að keppa um starfsfólk, einkum í sérhæfðari störfi...

Mar 2023 · Played ✓

⊕ ▶

Jarðhræringar og loftrými

Flugmálafélagið hefur unnið þétt með Isavia og Samgöngustofu í loftrýmismálum tengdum jarðhræringum á Reykjanesi. Það er þá helst skipulag og lokanir sem hafa fengið mesta athygli félagsins. Nýlegar lokanir á loftrými frá jörðu upp í 2.500 fet í margar vikur eru í engu samræmi við nauðsyn þess að leyfa viðbragðsaðilum að fá svigrúm fyrir sín störf og hefur félagið gagnrýnt það af miklum þunga. Þá hafa sífelldar breytingar á loftrýmum valdið ruglingi en félagið hefur lagt sig fram um að fylgjast með með þeim og miðla til flugmanna. Þrátt fyrir það hafa orðið atvik þar sem flogið er inn í loftrýmin og þá oftast óviljandi. Samgöngustofa og Isavia tekur undir áhyggjur Flugmálafélagsins og nýlega var hæsta hæð þessara lokunarsvæða lækkuð í 1.500 fet vegna þessarar gagnrýni.



Innviðir flugs

Forseti félagsins á sæti í Fagráði um flugmál sem er skipað af samgönguráðherra. Þar er vettvangur sem nýtist til þess að koma sjónarmiðum grasrótarinnar á framfæri.

Í nýlegri samgönguáætlun kveður við nýjan tón varðandi fjármagn sem er ætlað í aðra flugvelli en alþjóðaflugvelli. Nýlegt varaflugvallagjald breytir miklu þar um. Uppbygging er fyrirhuguð víða auk þess sem áætlað er að verja fjármunum í uppbyggingu eldneftisafgreiðslustaða, hönnun aðfluga og stuðning við orkuskipti. Hér eru mikla breytingu að ræða en Flugmálafélagið hefur beitt sér fyrir þessum breytingum um árabil á ýmsum vettvangi.

Sambýli borgar og flugs

Nýr borgarstjóri, Einar Þorsteinsson, hefur tekið völdum í borginni og hefur Forseti Flugmálafélagsins fundað nú þegar með honum. Ljóst er nýr tónn er í borginni sem ber að fagna og byggja á. Ljóst er að málefni Reykjavíkflugvallar munu halda áfram og félagið mun beita sér eftir sem áður í því máli og koma á sambandi og samtali við borgina með nýjum og ferskum vindum.

Styrkur

Á síðasta starfsári var veittur einn styrkur til AOPA á Íslandi. Félagið hvetur aðildarfélögin til þess að sækja styrki frá FMÍ til þess að byggja upp og treysta alþjóðatengsl.



Erlend starfsemi og þátttaka í alþjóðlegum keppnum

Flugmálafélagið hefur alla tíð tekið virkan þátt í erlendu starfi flugmálafélaga til að viðhalda og efla tengsl Íslands við önnur lönd, sem er mikilvægt m.a. til að læra af árangri annarra landa og mistökum. Sérstaklega eru tengslin mikilvæg þegar kemur að regluverki og lagasetningu en íslenskt regluverk hefur til þessa þótt heldur stíft og óþarfalega langt gengið við þýðingu og innleiðingu erlendra reglna héraðs, hefur verið kallað Gullhúðun. Sérstaklega má nefna breytingu á hámarksþyng vélknúinna fisa sem flest evrópulönd hafa hækkað í 600kg en hér stendur enn á EFTA að staðfesta breyttar reglur frá Evrópusambandinu, en það virðist ætla að klárast á næstunni . Flugmálafélagið hefur átt samskipti við stjórnvöld og sótt leiðsögn til erlendra aðila hvað regluverk snertir.

Árið 2023 var erlend starfsemi með hefðbundnu sniði. Sérstaklega má þó nefna:

- Svifvængjamenn sóttu fund Svifvængjadeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Vélfismenn sóttu fund EMF European Microlight Federation og var fulltúi Íslands Jónas Sturla Sverrisson kosinn í stjórn. Stefnt er að fundi EMF á Íslandi 2024.
- Svifflugmenn sóttu fund Svifflugdeilda Flugmálafélaga Norðurlandanna.
- Fulltrúi Íslands sótti fund Medico-Physiological deildar FAI.

Flugmálafélagið er með fulltrúa í öllum deildum Alþjóða flugmálafélagsins (FAI). Þessir fulltrúar fylgjast með því sem er að gerast í hverri deild með hagsmuni Íslands að leiðarljósi auk þess að fylgjast með því sem er að gerast í heiminum á hverju sviði flugíþróttá. Fulltrúar Flugmálafélagsins geta sótt aðalfundi deilda FAI og tekið með beinum hætti í starfi deildanna. Suma aðalfundi deilda er hægt að sækja á netinu en aðrir fundir eru hefðbundnir.

Ágúst Guðmundsson hefur setið í framkvæmdastjórn FAI (Executive Board) frá árinu 2014 sem fulltrúi Flugmálafélags Íslands og hefur verið endurkjörinn síðan. Hann er nú yfir fjármálum FAI og hefur verið endurkjörinn oftast af núverandi stjórnarmönnum.

Flugmálafélagið annast útgáfu FAI Sporting Licence til félagsmanna aðildarfélaga en það skírteini er skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegum mótum FAI.

Hans Kristján Guðmundsson tók þátt í fjölda svifvængjamóta 2023, Norðurlandamóti og Paragliding World Cup. Með þátttöku í alþjóðlegum mótum fá flugmenn stig á alþjóðlegum



styrkleikalista svifvængjamanna hjá FAI. Á styrkleikalista FAI eru nú 8 Íslenskir svifvængjaflugmenn, sem eru færri en áður, vegna þess að ekki er lengur alþjóðlegt svifvængjamót á Íslandi svo og minni þátttöku í alþjóðlegum mótum undanfarin ár tengt Covid.

Flugmódelmenn héldu alþjóðlegt mót á Íslandi 2023. Iceland Open F3F 2023 var á dagskrá dagana 29. apríl til og með 1. maí en að þessu sinni mættu 18 keppendur til leiks, 5 frá Bretlandi, 3 frá Danmörku, 3 frá Íslandi, 3 frá Þýskalandi, 2 frá Taívan, 1 frá Japan og 1 frá Sviss.

Þátttaka íslenskra flugmanna á alþjóðamótum hefur aukist og fagnar Flugmálafélagið þeirri þróun.

Svifvængjaflugmenn hafa verið sérlega virkir í þátttöku á alþjóðlegum mótum til fjölda ára, auk þess hafa flugmódelmenn verið virkir undanfarin ár.

Flugmálafélagið hefur í gegnum tíðina veitt einstaklingum og aðildarfélögum styrki vegna verkefna sem stjórn telur samrýmast tilgangi félagsins. Þessi verkefni hafa nær öll varðað þátttöku í heims- eða Evrópumeistaramótum í fluggreinum erlendis eða til eflingar tengsla aðildarfélaga Flugmálafélagsins við erlend systurfélög.

AOPA fékk styrk vegna þátttöku á fundi í London árið 2023.

Að lokum

Flugmálafélag Íslands byggir á traustum grunni og hefur frá stofnun árið 1936 unnið að hagsmunum flugs á Íslandi. Félagið mun halda áfram að gegna lykilhlutverki varðandi hagsmunagæslu, uppbyggingu og vöxt flugs á Íslandi samhliða því að stuðla að samheldni og góðum samskiptum á milli aðildarfélaga sinna.

Samþykkt af stjórn Flugmálafélags Íslands